

Þriðjudaginn 12. júní 1990.

Nr. 231/1990. **Jóhanna Þórólfsdóttir**

gegn

Tryggva Agnarssyni.

Kærumál. Endurupptaka einkamáls. Þingsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. apríl sl. Kærður er úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 4. s.m., þar sem kröfu sóknaraðila um endurupptöku máls er hafnað. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómarann að endurupptaka bæjarþingsmálið nr. 2700/1990: Tryggvi Agnarsson hdl. gegn Jóhönnu Þórólfsdóttur, svo að henni gefist kostur á að leggja fram greinargerð og nauðsynleg gögn. Þá er gerð krafa um kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Mál þetta er reifað í hinum áfrýjaða úrskurði. Varnaraðili mótmælti kröfu sóknaraðila strax í héraði. Hið framlagða læknisvottorð sker ekki úr um lögmæti forfalla sóknaraðila, en stefna var birt fyrir henni sjálfri með viku fyrirvara. Ber því samkvæmt 3. og 4. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 7. mgr. 110. gr. sömu laga, að staðfesta hinn kærða úrskurð. Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 4. apríl 1990.

Með beiðni, framlagðri á bæjarþingi Reykjavíkur þann 3. apríl 1990, óskaði Jón Oddsson hrl., f.h. skjólstæðings síns, Jóhönnu Þórólfsdóttur, eftir því, að málið nr. 2700/1990, sem höfðað var af Tryggva Agnarssyni hdl. gegn Jóhönnu Þórólfsdóttur með stefnu birtri fyrir henni sjálfri þann

20. febrúar 1990, yrði endurupptekið, en það var dómtekið þann 27. febrúar 1990. Í umræddri beiðni eru ástæður beiðninnar tilgreindar þær, að stefnda sé vegna aldurs síns og veikinda miður sín og hafi ekki áttað sig á umræddri málshöfðun, er stefna var birt fyrir henni.

Við fyrirtöku málsins þann 3. apríl sl. var lagt fram, auk beiðni um endurupptöku, læknisvottorð Margrétar Georgsdóttur heilsugæslulæknis. Í vottorðinu segir:

„Það vottast hér með að Jóhanna Þórólfsdóttir, Rauðarárstíg 32, Reykjavík, sem verið hefur sjúklingur minn til nokkra (sic) ára, á við alvarlegan heilsubrest að stríða vegna mikils álags vegna umönnunar um veikan maka. Hún hefur brotnað niður við minnstu erfiðleika og er illa farin á taugum, enda mikið álag á henni heima vegna alvarlegra veikinda manns hennar. Hún er auk þess með háan blóðþrýsting og fleiri kvilla. Hún á því erfitt með að mæta því álagi sem því fylgir að mæta fyrir rétti.“

Af ofanrituðu þykir ljóst, að ekki sé um lögmæt forföll að ræða skv. 3. og 4. mgr. 118. gr., sbr. a-lið 7. mgr. 110. gr., laga nr. 85/1936. Beiðni stefndu er því ekki tekin til greina.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Beiðni Jóhönnu Þórólfsdóttur um endurupptöku máls nr. 2700/1990: Tryggvi Agnarsson hdl. gegn Jóhönnu Þórólfsdóttur, til þess að koma að vörnum í málinu er ekki tekin til greina.
